

Fundargerð

**69. fundur sveitarstjórnar haldinn í Skjólbrekku,
miðvikudaginn 10. nóvember 2021, kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108028

Farið yfir fyrstu tillögu að fjárhagsáætlun á þeim fundi. Einnig tillögu að gjaldskrá. Farið yfir fyrstu drög að fjárfestingaáætlun.

Lagt fram

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun - 1811035

Frestað

3. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu - 2110005

Tekin fyrir drög að umsögn Skútustaðahrepps um drög að reglugerð að sjálfbærri landnýtingu.

Oddvita og sveitarstjóra falið að klára umsögnina á grunni umræðu fundarins og senda inn í samráðsgátt stjórnvalda.

Samþykkt

4. Uppbygging hringrásarhagkerfis - 2107012

Tekið fyrir erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi uppbyggingu hringrásarhagkerfis.

Lagt fram

5. SSNE - samráð vegna sóknaráætlunar - 2009020

SSNE óskar eftir tillögu að fjórum fulltrúum frá hverju sveitarfélagi í samráðsvettvang sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Í samningi um sóknaráætlun Norðurlands eystra er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang landshlutanna. Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar a.m.k. árlega.

Sóknaráætlun Norðurlands eystra er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Helstu málaflokkar sóknaráætlunar eru atvinnuþróun og nýsköpun, menningar- og umhverfismál. Fjármagn, sem varið er til verkefna í þessum málaflokkum, tekur mið af áherslum sóknaráætlunar hverju sinni. Frekari upplýsingar um sóknaráætlun má finna á ssne.is. Óskað er eftir tillögu að tveimur karlkyns og tveimur kvenkyns fulltrúum í samráðsvettvanginn, alls fjórum. Annars vegar tveimur fulltrúum af pólistískum vettvangi og hins vegar tveimur ópólitískum. Eins er afar mikilvægt að heyra raddir sem flestra og er hvatt þess til að horfa til ungs fólks og fólks af ólíkum uppruna. SSNE mun síðan velja úr tilnefningum frá sveitarfélögunum til að tryggja fjölbreytileika samráðsvettvangsins.

Sveitarstjórn tilnefnir Helga Héðinsson og Elísabetu Sigurðardóttur. Auk þess verður haft samband við fulltrúa í Ungmennaráði og þeim boðið að vera tilnefnd.

Samþykkt

6. HSP - Samningur um rekstrarstuðning 2022 - 2110025

Tekin fyrir ósk frá HSP um sambærilegan stuðning á árinu 2022 og verið hefur síðustu ár.

Samþykkt

7. Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra- Fundargerðir - 2011026

Lögð fram fundargerð 221. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra ásamt fjárhagsáætlun dags. 6 okt 2021. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram

8. Flugklasinn Áfangaskýrsla - 1710023

Skýrsla Flugklasans Air 66N 9.apríl- 26 okt 2021

Lagt fram

9. Menningarmiðstöð Þingeyinga - Fundargerðir - 1910018

Farið yfir fundargerð stjórnar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga frá 27.okt 2021.

Lagt fram

10. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1611015

Lagt fram

11. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010

Dagbjört Bjarnadóttir vék af fundi undir þessum lið.

Tvær umsóknir bárust um menningarstyrkja:

Umsókn 1: Margrét Hildur Egilsdóttir: Sótt um 300.000,- kr.

Umsókn 2: Laufey Sigurðardóttir f.h. Músík í Mývatnssveit: Sótt um 300.000,- kr.

*Velferðar- og menningarmálanefnd leggur til við sveitarstjórn að:
Umsókn nr. 1 verði styrkt um 300.000 kr.
Umsókn nr. 2 verði styrkt um 300.000 kr.
Einnig leggur nefndin til að leiga á Skjólbrekku verði gjaldfrjáls fyrir þessa viðburði.*

Sveitarstjórn samþykkir tillögu velferðar- og menningarmálanefndar um úthlutun menningarstyrkja.

Lagt fram

12. Umhverfisnefnd Fundargerðir - 1611036

Dagbjört Bjarnadóttir tók sæti að nýju undir þessum lið. Lögð fram fundargerð 25. fundar umhverfisnefndar dags. 1 nóvember 2021. Fundargerðin er í þremur liðum.

Lagt fram

13. Umhverfisstofnun Samráðsfundur - 1711011

Umræða um samstarf Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps. Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri, mættu til fundarins.

Sveitarstjórn þakkar Sigrúnu og Ingu fyrir góða umræðu. Stefnt er að sameiginlegu minnisblaði sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar um samstarf á svæðinu til framtíðar. Stefnt er að öðrum fundi fyrir lok árs.

Samþykkt

14. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024

Lagt fram

Fundi slitið kl. 11:15.
